

Alþingi
Erindi nr. P 122/1331
komudagur 19.3.1998 Reykjavík, 17. mars 1998


Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál, 507.mál, og byggingar- og húsnæðissamvinnufélög, 508.mál.

Félag ábyrgra feðra telur brýnt að allstaðar þar sem fjallað er um húsnæðismál fólks sé tryggt að réttur allra foreldra sé sá sami, s.s réttur til úthlutunar, stærðar o.þ.h. Þá á ekki að skipta máli hvort um er að ræða foreldra sem búa með börnin hjá sér að staðaldri eða foreldra sem búa ekki með börn sín hjá sér (s.s. forsjárlaust foreldri eða foreldri með sameiginlega forsjá þar sem barn/börn býr/búa að staðaldri hjá hinu foreldrinu). Allir foreldrar ættu að eiga sömu möguleika á að geta tekið á móti börnum sínum á heimilum sínum burtséð frá því hvort það er til lengri eða skemmri tíma. Oft á tíðum hefur það foreldri, sem ekki býr með börn sín að staðaldri, ekki mannsæmandi aðstöðu til að taka á móti börnum sínum. Þetta skapar þessum foreldrum óþægilegar aðstæður sem mörg börn líða fyrir.

Með von um að réttur allra foreldra verði bættur.

F.h. Félags ábyrgra feðra


Ólafur Ingi Ólafsson
formaður